

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi frístundalóða við Þingvallavatn, Nesjavellir 1-13.

Breytingin felur í sér breytt lóðamörk lóðanna Nesjavellir 3-5 og Nesjavellir 9-11 þannig að suðurmörk þeirra færast norðar. Lóðirnar minnka sem því nemur. Stærðir lóðanna Nesjavellir 6, 7 og 8 eru leiðréttar í samræmi við hnit þeirra. Norðurmörk allra lóðanna miðast við bakka Þingvallavatns. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum eða stækkun húsa á skipulagssvæðinu. Samþykkt í sveitarstjórn 4. apríl 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. apríl 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. apríl 2018